



Sauðárkróki, 27. febrúar 2019

Alþingi
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030

Sveitarfélagið Skagafjörður fagnar þingsályktunartillögu um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 enda eru í henni metnaðarfull og góð markmið um heilbrigðisþjónustu um land allt, þ.m.t. fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að öll mismunun verði óheimil sem er afar mikilvægt því benda má á fjölmörg atriði í mismunandi þjónustu á milli íbúa höfuðborgar og landsbyggðar, s.s. hvað varðar aðgengi að sérfræðingum, aðgengi að fæðingarþjónustu, mikinn ferðakostnað og vinnutap íbúa landsbyggðar sem þurfa að sækja þjónustu utan heimabyggðar, o.s.frv.

Greiningar sýna að landsbyggðin nýtur mun minni sérfræðiþjónustu en höfuðborgarsvæðið. Á Sauðárkróki má sem dæmi nefna að þjónusta geðlækna er ekki í boði en þar er um að ræða þjónustu sem eðlilegt er að sé í boði að staðaldri. Á starfsstöð HSN á Sauðárkróki hefur verið lagður metnaður í að tryggja reglubundna komu sérfræðinga til þeirra sem þurfa á slíkri þjónustu að halda. Með því er leitast við að tryggja góða heilbrigðisþjónustu og aðgengi fólks á landsbyggðinni að henni. Þessi þjónusta felur einnig í sér að hún sparar notendum hennar fé, mikla fyrirhöfn og í mörgum tilfellum stytir hún verulega fjarveru starfsfólks úr vinnu. Eðlilegt er að hluti þeirra eininga sem Sjúkratryggingar Íslands semja um við sérfræðilækna verði nýttar á landsbyggðinni í stað þess að stofnun eins og Heilbrigðisstofnun Norðurlands beri mikinn kostnað aukalega af eigin fjárveitingum til að tryggja komu þessara sérfræðinga. Aukin aðkoma Sjúkratrygginga yrði þannig í takt við sáttmála núverandi ríkisstjórnar um heilbrigðisstefnu, þar sem lögð verður áhersla á jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag og búsetu fólks.

Ákvæði í þingsályktunartillögunni um að skil milli sveitarfélaga og ríkis verði skerpt með tilliti til félagslegrar þjónustu, málefna aldraðra og þjónustu við fatlað fólk sem og þess efnis að ákvarðanir um þjónustu skulu teknar sem næst þeim sem á henni þarf að halda eru sömuleiðis fagnaðarefni. Á hvoru tveggja hefur verið misbrestur með tilheyrandi óþægindum fyrir notendur og kostnaðarauka fyrir sveitarfélög.

Í þessu sambandi er einnig vert að benda á mikilvægi fjölgunar hjúkrunarrýma á landsbyggðinni til að þessi áhersla nái að fullu fram að ganga. Þannig má geta þess að biðlistar eru eftir hjúkrunar- og dvalarrýmum við Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki (í dag 13 og 10). Staðan á núverandi hjúkrunarrýmum er að auki þannig að um nokkur tvíbýli er að ræða og ekkert hjúkrunarrýmanna uppfyllir viðmið Velferðarráðuneytisins um rýmisþörf og aðgengi að salernum. Þá er ástandið þannig að núverandi rými eru dreifð um þær byggingar sem stofnunin hefur yfir að ráða með tilheyrandi óhagræði í mönnun. Við greiningu á núverandi húsnæði er ljóst að þörfin á fjölgun hjúkrunarrýma er brýn. Miðað við mannfjöldaspá mun hópur fólks yfir 65 ára tvöfaldast frá því sem hann er til ársins 2035 og því blasir við að þörfin mun enn aukast á komandi árum.



Sótt hefur verið um aukin dagdvalarrými í Skagafirði, þ.m.t. fyrir heilabílaða, en heimild ekki fengist þrátt fyrir að einstaklingar með heilabilun hafa verið og séu í þjónustu. Ákveðið var í fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2019 að auka við 50% stöðu í Dagdvöl til að koma til móts við aukna þjónustuþörf m.a. á forsendum heilabilunar, en ekki er sanngjarnt að sveitarfélögin í landinu beri jafn þungan hlut af rekstri þessa þáttar heilbrigðisþjónustunnar og raun ber vitni (*Árið 2017 var heildarkostnaður við starfsemina í Skagafirði 46,4 m.kr. Tekjur voru samtals 21, 6 m.kr. þ.a. rúmar 15 m.kr. frá Sjúkratryggingum. Framlag Sveitarfélagsins Skagafjarðar var því tæpar 25 m.kr.*).

Þá hefur því verið komið reglulega á framfæri að reglugerð um gjaldskrá mismuni sveitarfélögum varðandi akstur þjónustuþega. Gjaldskrá kveður á sama daggjald pr. pláss og ekki er tekið tillit til aksturs í dreifbýli líkt og í Skagafirði, þar sem akstur aðra leið með einstakling getur verið um 70 km. Akstursþjónusta er því stór þáttur í rekstri sem veldur því að framlag Sveitarfélagsins til reksturs árlega er verulegt. Aksturskostnaðurinn sem reiknaður er inn í daggjöld ríkisins er því í dag sá sami hvort sem um er að ræða Seltjarnarnes eða Sveitarfélagið Skagafjörð sem er 7. landstærsta sveitarfélag landsins með íbúa frá ystu nesjum til innstu dala. Leggja þarf áherslu á að gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands taki mið af akstri í dreifbýli.

Í þingsályktunartillögunni er talað um fjarheilbrigðisþjónustu sem er mikilvægt. Þótt fjarheilbrigðisþjónusta sé mikilvæg og muni klárlega þróast hratt á komandi árum mun hún aldrei leysa allan vanda. Því er afar mikilvægt að styrkja öll þjónustustig á landsbyggðinni, tryggja lækna á heilsugæslustöðvar (1. stig) og efla 2. stigs þjónustu, t.d. með reglulegum heimsóknum sérfræðinga, auk þess að skerpa skil á milli ábyrgðar þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

F.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar,

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri